

Birgir H Sigurðsson,
Skipulagsstjóri Kópavogs
Fannborg 6
200 Kópavogur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. febrúar 2013
Tilvísun: UST20130100014/ksj

Aðalskipulag Kópavogs 2012 - 2024. Tillaga

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Kópavogsbæjar er barst 3. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024.

Umhverfi

Í umfjöllun um markmið kemur fram eftirfarandi: „Að óbyggð svæði verði náttúruleg, sjálfbær og vöktuð“. Umhverfisstofnun telur þetta góð markmið, en stofnunin telur að það skorti að gerð sé grein fyrir hvernig ofangreindum markmiðum verði náð.

Í umfjöllun um opin svæði kemur fram að strönd Elliðavatns bjóði upp á geysilega útivistarmöguleika, en sé mjög óaðgengileg eins og er. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að gera strönd vatnsins aðgengilega og minnir stofnunin á að í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 er fjallað um svæði er liggja að ám, sjó og vötnum og þar kemur fram í lið 4.15.2 Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum. „Almennt er ekki gert ráð fyrir deiliskipulagningu þessara svæða en í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim.“

Náttúruminjasrá

Í umfjöllun um flokkinn „aðrar náttúruminjar“ á náttúruminjasrá kemur fram að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun vill einnig benda á að í 38. gr. laga nr. 44/1999 kemur eftirfarandi fram: „Leita skal umsagnar og tilkynna [Umhverfisstofnun]¹⁾ um framkvæmdir þar sem hætta er á að spillt verði öðrum náttúruminum á náttúruminjasrá, sbr. 67. og 68. gr.“

Einnig kemur fram í umfjöllun um náttúruminjar að ýmsar landslagsgerðir njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að orðrétt segir í 37. gr. laga nr. 44/1999 segir: „Sérstök vernd. Eftirtaldir jarðmyndanir og vistkerfi njóta

sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,

b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,

c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,

d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,

e. sjávarfitjar og leirur.

Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmda- eða byggingarleyfi, til framkvæmda sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa skv. 1. mgr. nema fyrir liggja aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga þessara þar sem umsögn skv. 33. gr. liggur fyrir.“

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun telur til fyrirmyndar hve mörg svæði í Kópavogi njóta bæjarverndar, og tekur undir áætlun um að fjölga þeim í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024. Um leið hvetur Umhverfisstofnun Kópavogsbæ til að vinna að friðlýsingu valinna svæða meðal þeirra sem eru með hverfisvernd og stíga þannig skrefið til fulls í verndun þeirra.

Samgöngur

Umhverfisstofnun tekur undir markmið varðandi samgöngur. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vinna við nýja umferðaröryggisáætlun fyrir sveitarfélagið verði með tímasettum áföngum. Einnig er mikilvægt að markmið um að stuðlað verði að notkun umhverfisvænni orkugjafa verði tímasett.

Umhverfisstofnun tekur undir markmið og leiðir varðandi uppbyggingu göngu- og hjólastígakerfi.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tímasett áætlun verði gerð um leiðir að markmiðum varðandi almenningsamgöngur.

Fyrirhugaðar breytingar á Kársnesi

Í umfjöllun um Kársnesið kemur fram að áætlað er að byggja fjölbýlishúsabyggð á 3 til 4 hæðum á landfyllingu við norðanverðan Fossvog. Gert er ráð fyrir 392 íbúðum á svæðinu með aðkomu frá Vesturvör skv. deiliskipulagi frá 2005. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki kemur fram hve stór landfylling viðkomandi svæðis er. Stofnunin bendir á að skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 eru landfyllingar þar sem áætluð fylling er 5 ha eða stærri, framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum skv. ofangreindum lögum. Slíkar framkvæmdir eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki hefur farið fram umhverfismat á áhrifum fyllingarinnar á lífríki og sjávarstrauma í Fossvogi. Einnig bendir stofnunin á að þar sem fyllingin á svokölluðu bryggjusvæði F liggur afar nærri mikilli landfyllingu á Kársnestá, þyrfti að skoða hvort um sammögnunaráhrif er að ræða frá þessum tveim stóru landfyllingum.

Fífuhvammur – Glaðheimar

Í upphafi umfjöllunar um svæðið Fífuhvamm kemur fram að atvinnuhúsnæði á svæðinu í ársbyrjun 2012 sé 175.658 m². Í töflu í lok umfjöllunarinnar er sagt að atvinnuhúsnæði á svæðinu sé árið 2012, 112.000 m², þarna virðist vera um ósamræmi að ræða.

Í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024 kemur fram að gert er ráð fyrir óbreyttri landnotkun og landnýtingu á Glaðheimasvæðinu eins og kveðið er á um í svæðis-, aðal-, og deiliskipulagi er unnið var á árunum 2008 – 2009. Áætlað er að á skipulagstímabilinu verði reist húsnæði á Glaðheimasvæðinu sem verði samtals 175.000 m². Áætlað er að reisa 100.000 m² af verslunar- og skrifstofuhúsnæði og síðan íbúðarhúsnæði alls 245 íbúðir.

Umhverfisstofnun bendir á að með ofangreindum skipulagsbreytingum er gerðar voru 2008 – 2009 kom fram að miklar breytingar yrðu að vera á nálægu gatnakerfi við Glaðheima ef af áætlaðri uppbyggingu á svæðinu yrði.

Í skýrslunni *Glaðheimar- Kópavogi Umferðarsköpun og áhrif á gatnakerfi* er fylgdi ofangreindum breytingartillögunum kom fram að gera yrði ráð fyrir að ástand á vegum umhverfis Glaðheima yrði viðunandi þrátt fyrir áætlanir um uppbyggingu, og það yrði einungis ef Arnarnesvegur yrði breikkaður í 4 akreinar, og ef að ráðist yrði í breikkun Reykjanesbrautar í 6 akreinar sunnan Breiðholtsbrautar/Nýbýlavegar, og ef bætt væri við 1+1 akrein við Reykjanesbraut á kaflanum milli Arnarnesvegar og Breiðholtsbraut/Nýbýlavegar.

Umhverfisstofnun bendir á að í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024 er ekki fjallað um slíkar vegabætur. Umhverfisstofnun bendir einnig á að ekki kemur fram í umhverfisskýrslu umfjöllun um aukin umhverfisáhrif ofangreindrar uppbyggingar, m.a. á loftgæði. Varðandi loftgæði bendir Umhverfisstofnun á að í dag eru heilsuverndarmörk fyrir svifryk 50µg/m³ og er leyfilegt að svifryksmagn fari yfir þau mörk 7 sinnum yfir árið. Umhverfisstofnun tekur undir ráðagerðir um heildarendurskoðun á skipulagi í Smáranum og Glaðheimum á skipulagstímabilinu, en bendir á að þar sem byggingarmagn, landnotkun og landnýting er áætlað það sama og í deiliskipulagi frá 2009 þá ætti að koma fram umfjöllun um umhverfisáhrif uppbyggingar á svæðinu í umhverfisskýrslu, en hana skortir.

Settjarnir

Í umfjöllun um frárennsli kemur fram að í Kópavogi hefur markvisst verið unnið að því að regnvatni verði veitt í settjarnir áður en það fer í sjó, og einnig kemur fram að það er gert til þess að óæskileg mengandi efni úr vatni sem runnið hafa eftir götum bæjarins fari fyrst í settjarnirnar þar sem efnið falli til botns áður en vatninu er veitt út í sjó. Umhverfisstofnun bendir á að það skorti umfjöllun um það, hvernig setið sem myndast í settjörnum er meðhöndlað og á hvern hátt óæskileg efni eru vöktuð.

Umhverfisskýrsla

Landfyllingar

Þegar áhrif af stefnu aðalskipulagstillögunnar á Kársnessvæðið eru metin og borin saman við núllkost kemur fram að áhrif af áætlaðri íbúðarbyggð í bland við verslunar- og athafnasvæði eru neikvæð á náttúrufarslega þætti þar sem gert er ráð fyrir frekari landfyllingum og land

mótað með tilheyrandi áhrifum á sjó og strandlengju á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir í aðalskipulagstillögu hve miklar landfyllingar eru áætlaðar og stofnunin vekur athygli á því að skv. 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum eru landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri, framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum og því tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að umhverfisáhrif landfyllinga á utanverðu Kársnesi verði skoðuð þar sem mikilvægar náttúruminjar og friðlýstar strendur eru í nágrenni framangreindra landfyllinga.

Fram kemur að gert er ráð fyrir því að notað verði efni í landfyllingar á Kársnesi sem leggst til við gerð Kópavogsganga. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram áætlun um hve mikið magn jarðefna gert er ráð fyrir að þurfi við landfyllingar og hve mikið efni leggst til við gangnagerðina.


Smárinn og Glaðheimar


Í umhverfisskýrslu er farið yfir áhrif stefnu aðalskipulagstillögunnar um atvinnu. Þar er ekkert fjallað um áhrif uppbyggingu verslunar- og skrifstofuhúsnæðis á Glaðheimasvæðinu, einungis er fjallað um áhrif aukins umfangs íbúðarbyggðar á svæðinu.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur skorta að í tillögu að aðalskipulagi Kópavogs 2012 – 2024 séu metin umhverfisáhrif landfyllinga á Skerjafjörð og nálægar strendur Kársness í umhverfismati áætlunarinnar. Einnig skortir upplýsingar um áætlaðar stærðir ofangreindra landfyllinga.

Umhverfisstofnun bendir á að þó áætlað sé að endurskoða skipulag á Glaðheimasvæðinu, þá er gengið út frá að landnotkun og landnýting verði óbreytt. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að fjalla um umhverfisáhrif á uppbyggingu 175.000 m² á Glaðheimasvæðinu á aðliggjandi íbúðahverfi og samgöngur ásamt áhrif af aukinni loftmengun og mótvægisáðgerðum við henni í umhverfismati áætlunarinnar.

Viðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur